

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akureyrar vegna gistingar á íbúðarsvæðum.

Skipulagsstofnun staðfesti 5. mars 2019 breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030, sem samþykkt var í bæjarstjórn 22. janúar 2019.

Breytingin felst í að heimilt verður að endurnýja leyfi gististaða á íbúðarsvæðum, sem hafa verið með gilt rekstrarleyfi til þessa. Miðast slík endurnýjun við að umfang starfseminnar aukist ekki frá því sem verið hefur.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 5. mars 2019.*

F.h. forstjóra,

**Hafdís Hafliðadóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*